

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Suðurnesjabæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Suðurnesjabæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

#### 2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð í Suðurnesjabæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Sorpgjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpiláta sem eru við heimili og er sem hér segir:

| <i>Stærð sorpiláta</i> | <i>Úrgangsflokkur</i>           | <i>Sorpgjald á ári kr.</i> |
|------------------------|---------------------------------|----------------------------|
| 140 lítrar             | Lífrænt                         | 10.200                     |
| 240 lítrar             | Almennt/lífrænt, tvískipt tunna | 34.000                     |
| 240 lítrar             | Almennt sorp                    | 45.000                     |
| 240 lítrar             | Pappír                          | 8.500                      |
| 240 lítrar             | Plast                           | 8.500                      |
| 660 lítrar             | Almennt sorp                    | 123.750                    |
| 660 lítrar             | Pappír                          | 23.400                     |
| 660 lítrar             | Plast                           | 23.400                     |

#### 4. gr.

Fast gjald er lagt á hverja íbúðareiningu kr. 18.000, til innheimtu á allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins.

#### 5. gr.

Skipulags- og umhverfissviði Suðurnesjabæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar 13. desember 2023, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 23. gr. laga nr. 55/2003, öðlast gildi 1. janúar 2024.

*Suðurnesjabæ, 13. desember 2023.*

**Magnús Stefánsson** bæjarstjóri.